



Skýrsla um samráð

Ábyrgðaraðili: Félagsmálaráðuneytið

Efni samráðs: Leitað var umsagnar um fullgildingu íslenskra stjórnvalda á samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar nr. 190, um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni, sem afgreidd var á 108. Alþjóðavinnuálaþinginu í Genf í júní 2019.

Samráð hófst: 17.10.2019.

Samráð lauk: 11.11.2019.

Fjöldi umsagna: 5

Umsagnaraðilar: Fjórar umsagnir bárust inná Samráðsgáttina frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Bandalagi háskólamanna (BHM), Rafiðnaðarsambandi Íslands (RSÍ) og Alþýðusambandi Íslands (ASÍ). Ein umsögn barst beint til félagsmálaráðuneytisins frá Kvennréttindafélagi Íslands.

Samantekt um umsagnir og viðbrögð: Umsagnaraðilar lýsa yfir ánægju með að unnið sé að fullgildingu samþykktarinnar. Íslensk stjórnvöld eru hvött til að fullgilda samþykktina. Í umsögn BSRB, BHM og RSÍ koma fram ábendingar um að fullgilding kalli á að fara þurfi yfir lög og reglugerðir í því skyni að tryggja sé að íslenskt lagaumhverfi uppfylli kröfur sem samþykktin gerir. Lögð er áhersla á að við þá vinnu verði haft samráð við aðila vinnumarkaðarins.

Skjal að loknu samráði:

Á ekki við